

**Ed. 123. Frumvarp til laga [104. mál]**

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Steingrímur Hermannsson,  
Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson, Ragnar Arnalds.

**1. gr.**

1. mgr. 20. gr. laganna breytist þannig:  
Í stað „400 krónur“ komi: 1200 krónur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, var gerð gagngerð breyting á verkamannabústaðakerfinu. Samkvæmt þessum nýju lögum skulu verkamannabústaðir vera fjölbýlishús með stöðluðum íbúðum, þó að undantekningar megi gera frá reglu þessari. Hins vegar eru staðlaðar íbúðir í fjölbýlishúsum bezta leiðin til að byggja í senn bæði hagkvæmar og ódýrar íbúðir, eins og lögin gera ráð fyrir. Af þessu leiðir, að í hverri byggingaráætlun þarf að vera gert ráð fyrir svo mörgum íbúðum, að komið verði við þeirri hagkvæmni í byggingarframkvæmdum, sem lögin kveða á um.

Í fámennum sveitarfélögum hafa komið í ljós erfiðleikar á framkvæmd þessara mála. Kemur það til af því, að byggingarframkvæmdum eru sett takmörk, sem miðast við framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna. Mæla lögin jafnframt þannig fyrir, að hvert sveitarfélag, sem byggingarframkvæmdir ákveður, skuli greiða framlag til Byggingarsjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 400 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu. Samkvæmt þessum ákvæðum reynist hámarksframlag fámennra sveitarfélaga vera of lágt, til þess að byggingarframkvæmdir á hverju áætlunartímabili geti orðið það miklar, að komið verði við þeirra hagkvæmni, sem fæst með stöðluðum íbúðum í fjölbýlishúsum. Til að bæta úr þessu er þetta frumvarp flutt, þar sem lagt er til, að hámark framlagsins verði 1200 krónur í stað 400 króna.